

Sjálfsögð aðstoð við Grindvíkinga

Jarðhræringar í og við Grindavík undanfarnar vikur hafa skapað ólíðandi ástand fyrir íbúa sem búa í algjörrí óvissu um hvað framtíðin ber í skauti sér.

Ofan á þungar áhyggjur íbúa Grindavíkur af andlegu ástandi sinna nánustu bætast fjárhagslegar áhyggjur af íbúðarhúsnæði sem sumt hvert er verulega skaddað en annað að því er virðist óskaddað með öllu sem er jafnvel verra. Hvers vegna, gæti einhver spurt, getur óskaddað hús verið verra, jú því þá fá eigendur ekki greitt út úr náttúruhamfarasjóði sem fer eftir nákvæmum reglum sem í mörgum tilvikum virðast ekki ná fullkomlega yfir þær aðstæður sem upp eru komnar. Margur húsnæðiseigandinn hefur því ekki fengið neina hjálp við húsnæði sitt, er fastur í hængingaról sem sífellt þrengist og engin undan- komuleið sýnileg. Sú staða eykur á áhyggjur þessara einstaklinga og er ekki á bætandi.

Hvað er til ráða?

Til að lina þjáningar og áhyggjur Grindvíkinga gæti ríkissjóður keypt strax upp fasteignir á svæðinu, þeirra sem þess kjósa, á fasteignamatsverði. Þannig væri fólk skorið úr þeirri fjárhagslegu snöru sem margir eru í og a.m.k. fjárhagslegum áhyggjum þeirra aflétt. Grindvíkingar eru margir hverjir í áfalli, venjulegt líf þeirra í algjöru uppnámi, börn í nýjum skólum og foreldrar frá vinnu sem hefur lagst niður að verulegu leyti vegna þessa ástands og alger óvissa ríkir um framhaldið. Það er ekki á það bætandi að þurfa að hafa áhyggjur af fjárhagslegri framtíð sinni og fjölskyldunnar ofan á allt annað.

Kostnaður ríkissjóðs af uppköpunum yrið verulegur, um það verður ekki deilt. Samkvæmt fasteignamati HMS er fjöldi fasteigna í Grindavík um 1.664 og fasteignamat 2024 um



Magnús B. Jóhannesson

106.507 m. kr. En spyrja má: eru náttúruhamfarir eins og þessar ekki slíkt tjón að þjóðin brennur í skinninu að koma fólkinu til aðstoðar? Er það ekki sjálfsögð skylda okkar að koma bræðrum okkar og systrum til hjálpar í neyð?

Þar sem þessi aðgerð yrið gerð undir formerkjum fjárfestingar,

» Er ekki kominn tími til að stíga upp og skera Grindvíkinga úr snörunni, aflétta fjárhagsáhyggjum þeirra og gefa þeim andrými og fjárhagslega hugarró.

Þ.e. ríkissjóður kaupir fasteignir á svæðinu, þá hefur ríkissjóður möguleikann á að endurheimta fjárfestinguna með sölu, láta kaupin ganga til baka þannig að núverandi eigendur eignist hús sín aftur kjósi þeir svo, eða leigu fasteignanna að þessum viðburði loknum hvort sem það verður eftir sex mánuði eða fimm ár.

Áskorun

Er ekki kominn tími til að stíga upp og skera Grindvíkinga úr snörunni, aflétta fjárhagsáhyggjum þeirra og gefa þeim andrými, fjárhagslega hugarró, svo þau geti snúið sér að mikilvægari málum eins og að sinna velferð barna sinna og ættingja. Það óvissuástand sem skapað hefur getur varað lengur en fólk vænti í fyrstu og mikilvægt að styðja við bakið á Grindvíkingum með myndarlegum og afgerandi hætti.

Höfundur er framkvæmdastjóri Storm Orku.

Velvakandi

Svarað í síma 569 1100 frá kl. 10-12



Morgunblaðið/Eggert

Heilsubót Mörgum finnst gaman að skíða.

... að hitta ömmu sína

Það hefur lengi verið opinbert leyndarmál að ferðamenn borgi óheyrilega hátt verð fyrir alla þjónustu og verði að láta sig hafa það bölvandi í hljóði.

Koma svo kannski ekki aftur fyrir sitt litla líf en segja kunningjunum frá ótrúlegu verðlagi á þessari eyju þar sem landið er í sköpun og innbyggjarar eru tilbúnir með pylsupott og franskar þegar næst gýs.

Íslendingar hafa ekki gert veður úr þessu hingað til enda lendir þetta helst „bara“ á túristum allra landa. „Who cares?“

En allt í einu er kominn snjór á

skíðasvæðin og landsmenn flykkjast fjölskyldum saman í Bláfjöll og víðar, enda óspart hvattir til þess að bæta líf sitt og heilsu í tæru fjallaloftinu.

Þá bregður svo við að fólk hrekkur við við verðið, ekki bara að það sé út úr öllu korti heldur er ekkert samræmi milli staða.

Það getur því orðið dýr biti að kyngja að sækja sér heilsubót á fjöllum, en líklega ódýrast að taka með sér nestisögn og láta túristamatseðilinn vera. Við ætlum nefnilega að koma aftur.

Sunnlendingur





VISTVÆNNI STEYPA

Berglind, vistvænni steypa* frá BM Vallá, getur lækkað kolefnisspor bygginga um allt að 40% samanborið við hefðbundna steypu.

Byggjum vistvænni framtíð með Berglinði.

*BERGLIND

bmvala.is | bmvalla@bmvalla.is | 412 5000

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. janúar 2024, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. janúar 2024 og önnur gjaldfallin álöggð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. janúar 2024, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, oliugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skatttranssóknarstjóra, ofgreiddri uppbot á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álöggðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármála fyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er 13 þúsund kr. fyrir hvert fjárnám. eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. janúar 2024

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum